

# Skólamenningarkönnun

6.-10.bekkur

Nóvember 2018



# Markmið könnunarinnar eru að skoða:

- Hvernig skólabragur er í Álfhólsskóla
- Hvernig nemendum líður í skólanum
- Hvert umfang samskiptavanda er í skólanum
- Hvert umfang eineltis er í skólanum
- Hvað skólinn getur gert betur í samskipta- og eineltismálum


Helstu  
niðurstöður

# Líðan

- Flestum (83,3%) nemendum í 6.-10.bekk líður frekar eða mjög vel í skólanum, svipað og í fyrra (84%).
- Um 14 % líður hvorki vel né illa.
- 2,6% nemenda líður frekar eða mjög illa í skólanum, þetta voru 4% í fyrra.
- 4 stelpur og 3 strákar
  - 2 nemendur í 7.bekk
  - 2 nemendur í 8.bekk
  - 1 nemandi í 9.bekk
  - 3 nemendur í 10.bekk


## Hvernig líður þér í skólanum?

Answered: 305 Skipped: 0



# Hvernig líður þér í skólanum?

Answered: 281 Skipped: 0




# Vinátta


- Eins og síðustu ár eiga nánast allir amk einn vin/vinkonu í skólanum eða 99%
- 2 strákar eiga engan vin/vinkonu í skólanum
  - 1 í 7.bekk
  - 1 í 10.bekk

## Áttu vini/vinkonur í skólanum þínum?


Answered: 305 Skipped: 0



# Skólabragur




# Skólabragur







# Mér finnst skemmtilegt í skólanum




# Ég kvíði fyrir því að mæta í skólann




# Krakkarnir í árganginum mínum eru vinir




# Ég er hrædd(ur) við einhvern nemandu/nemendur í skólanum




# Námið í skólanum er spennandi og áhugavert




# Ég er einmana í skólanum



# Nemendur í Álfhólsskóla eru opnir fyrir því að kynnast öðrum og eignast nýja vini.




# Ég þori að vera ég sjálf(ur) í skólanum







# Ég baktala aðra nemendur




# Ég er opin(n) fyrir því að kynnast öðrum nemendum og eignast nýja vini




# Það er klíkumyndun í Álfhólsskóla




# Ég upplifi að aðrir séu að baktala mig



# Ég fæ þá aðstoð sem ég þarfnast í kennslustundum




# Ég fæ þá aðstoð sem ég þarfnast við námið heimanámið




# Hvernig finnst þér skólabragurinn í Álfhólsskóla?

- Um 76% nemenda finnst skólabragurinn frekar eða mjög góður.
- Rúm 4% (12 nemendur) finnst hann frekar eða mjög slæmur



# Hvernig finnst þér skólabragurinn í Álfhólsskóla?





# Finnst þér einhver ákveðinn nemandi/nemendur stjórna skólabraginum?

- 8,6% finnst ákveðinn nemandi/nemendur stjórna skólabragnum.
- Í opnum svörum kemur m.a. fram að nemendaráðið stýri skólabragnum - en það er eitt af hlutverkum nemendaráðs að hafa áhrif á skólabraginn til hins betra.
- Stelpur verða marktækt oftari varar við að einhver stýri skólabragnum en strákar (12% á móti 4%).

# Er einhver fullorðinn í skólanum sem þú getur treyst?


- Um 72% nemenda segja að það sé einhver fullorðinn í skólanum sem þeir geta treyst.
- Nefnt ýmsa kennara, námsráðgjafa, stuðningsfulltrúa, hjúkrunarfræðingur, stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvar.

# Er einhver fullorðinn í skólanum sem þú getur treyst?




# Samskiptavandi

- Tæpur þriðjungur (33%) nemenda hefur átt í samskiptavanda í vetur.
- Marktækur munur á milli árganga.
- Vitað er um 41% tilfella að sögn nemenda
- 44% hafa fengið aðstoð við að leysa málið
- Í 65% tilfella segja nemendur málið leyst.



# Samskiptavandi



# Samskiptavandi - kynjamunur

- Marktækur kynjamunur, 38% stelpna og 25% drengja hefur átt í samskiptavanda.
- Fleiri stelpur en strákar (71% á móti 41%) segja að skólinn viti af vandanum og fleiri stelpur en strákar hafa fengið aðstoð við að leysa málið (70% á móti 39%).
- Aftur á móti telja drengir oftast að málið sé leyst en stelpur (75% á móti 59%).

# Einelti


- 6 nemendur (2,4%) segja að þeir hafi orðið fyrir einelti á skólaárinu
  - 3 stelpur og 3 strákar
  - 1 nemandi í 6.bekk
  - 4 nemendur í 7.bekk
  - 1 nemandi í 9.bekk
- Umtalsvert minna en síðustu ár. Í fyrra voru þetta 28 nemendur (7,9%).

# Einelti

- Þegar þessir 6 nemendur eru beðnir um að lýsa eineltinu greina þeir frá stríðni, uppnefni, kvikindisskap, líkamlegu ofbeldi og virðingaleysi gagnvart mörkum.
- Í 3 af 6 tilfellum segja nemendur að einhver viti af eineltinu og nefna þá kennara, foreldra og samnemendur.
- Unnið hefur verið með eineltið í 2 af 6 tilfellum.
- Eineltið hefur staðið yfir í mánuð eða minna í 2 tilfellum (þá er ekki um einelti að ræða). Í ár í 1 tilfelli og í mörg ár í 2 tilfellum.
- Eineltið er hætt í 4 tilfellum af 6
- 2 óleyst eineltismál, 1 í 7.bekk og 1 í 9.bekk, stelpa og strákur



# Þróun eineltis eftir árgöngum



# Einelti

- 3 stelpur viðurkenna að hafa lagt aðra nemendur í einelti á skólaárinu.
  - 1 í 6.bekk
  - 1 í 7.bekk
  - 1 í 9.bekk
- 24 nemendur (8,5%) segja frá því að þeir viti til þess að einhver nemandi/nemendur hafi orðið fyrir einelti og/eða samskiptavanda síðan skólinn byrjaði í haust án þess að einhver í skólanum viti af því.


# Hvað getur skólinn gert til að koma í veg fyrir samskiptavanda?

- Hjálpa krökkum
- Passa upp á alla
- Einstaklingsviðtöl kennara og nemenda
- Skipta sér af þegar eitthvað gerist
- Fylgjast betur með
- Hafa fleiri í frímínútnagæslu
- Hlusta betur á krakkana
- Spyrja krakka og foreldra oftari hvað er í gangi
- Huga betur að strákum, stelpum er oft hjálpað meira en strákum
- Gera kannanir um líðan
- Hafa vinahittinga/klúbba fyrir þá sem eiga í vanda
- Ekki gera ekki neitt
- Ekki alltaf láta bestu vini vinna saman
- Ekki gefa endalaus sjénsa
- Hafa oftari öðruvísi daga þar sem kennarar raða í hópa
- Meira hópefli og leikir
- Gera eitthvað saman fyrir árganginn
- Sameina bekki
- Gefa góð ráð
- Minnka snjalltækjanotkun nemenda
- Hafa fleiri hópverkefni
- Bæta samskipti skólaliða og nemenda
- Vinna oftari saman þvert á árganga
- Tala meira við nemendur um líðan
- Tala meira um samskiptavanda og leiðir til að takast á við þá
- Taka betur eftir samskiptum á milli nemenda
- Banna snjalltæki í frímínútum og mat svo nemendur tali meira saman
- Sýna video um samskipti
- Fleiri bekkjarfundir
- Tala við þá krakka sem eru að baktala eða með stæla við aðra
- Gera fleiri svona kannanir


# Hvað getur þú gert til að koma í veg fyrir samskiptavanda?

- Hjálpa þeim sem hafa engan að
- Sagt frá
- Hjálpað þeim sem þurfa
- Talað meira við þá sem þurfa
- Ekki leggja í einelti
- Svarað fyrir mig án þess þó að særa
- Vera góður við alla
- Sagt stopp
- Reyna að leysa vandan
- Vera vinir
- Vandað orðaval
- Ekki taka ljótum orðum alvarlega
- Ekki vera leiðinlegur við aðra
- Hvílt sig á snjalltækjum
- Tala VIÐ fólk ekki UM fólk
- Biðja um hjálp
- Fylgja reglum
- Vera meðvituð
- Vera kurteis
- Sýna öðrum virðingu
- Ekki rifist við aðra
- Koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig
- Passað tunguna
- Talað saman
- Vera vingjarnleg
- Eiga í góðum samskiptum við skólaliða
- Ekki taka þátt í baktali
- Boðið öðrum að vera með
- Vera jákvæð

# Hvað gerir þú ef einhver fer í taugarnar á þér eða ef þú ert pirraður út í annan nemanda?



# Hvað gerir þú ef einhver fer í taugarnar á þér eða ef þú ert pirraður út í annan nemanda?



# Hefur þú aðstoðað nemanda/nemendur sem hafa átt í samskiptavanda?

- 41,6% hafa aðstoðað
  - Talað við annan og/eða báða aðila
  - Látið viðkomandi líða betur
  - Sagt viðkomandi að hætta baktali
  - Hvetja viðkomandi til að hugsa um eitthvað annað og hlusta ekki á svona
  - Svara fyrir viðkomandi og verja hann, koma með hugmyndir að mögulegum lausnum
  - Hlustað
  - Sagt frá
  - Leikið við viðkomandi
  - Gefið góð ráð
  - Hjálpað þeim að tala saman
  - Huggað
- 60,2% hafa ekki aðstoðað, fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa ekki orðið varir við slíkt en einnig því þeim hefur ekki fundist málið koma þeim við eða verið hrædd.

# Hefur einhver nemandi hjálpað þér að leysa samskiptavanda?


- 14,55% hafa fengið hjálp frá nemendum
  - Talað við mig
  - Hjálpað mér
  - Verið með mér
  - Vera góður við mig
  - Vera vinur minn
  - Gefið mér ráð
  - Hughreyst mig
  - Stutt mig
  - Farið með mig til námsráðgjafa
  - Hresst mig við
- 35,27% hafa ekki fengið hjálp frá nemendum
- 50,2% hafa ekki verið í þessum aðstæðum.



# Hvað gera kennarar mikið til þess að styrkja félagatengsl í hópnum og ýta undir góðan bekkjaranda?

- 55% nemenda telja kennara gera frekar eða mjög mikið
- 32,5% hvorki né
- 12,5% frekar eða mjög lítið.

# Hvað gera kennarar mikið til þess að styrkja félagatengsl í hópnum og ýta undir góðan bekkjaranda?



# Tækifæri til úrbóta...

- Líðan og skólamenning mælist marktækt almennt lakari í 7. og 9.bekk
- 2 nemendur eru vinalausir
- 15% nemenda kvíða fyrir því að mæta í skólann
- Nokkrir nemendur eru einmana í skólanum
- Um þriðjungur upplifir að það sé mikið baktal í skólanum
- Um fjórðungur upplifir mikla klíkumyndun
- Nemendum finnst leiðinlegra í skólanum eftir því sem þeir eldast.
- Sumir nemendur eru hræddir við einhvern annan nemanda í skólanum.
- Ekki mörgum sem finnst námið spennandi og áhugavert
- Nemendur treysta síður einhverjum fullorðnum í skólanum eftir því sem þeir eldast
- Stelpur eiga miklu frekar í samskiptavanda en drengir, fá oftár hjálp við að leysa hann en tekst samt sem áður síður að leysa vandann heldur en drengir.
- 2 óleyst eineltismál
- Eftir því sem nemendur eldast því minna upplifa þeir að kennarar geri til að ýta undir góðan bekkjaranda og styrkja félagatengsl í hópnum.

# Góðu fréttirnar

- Flestum nemendum líður vel í skólanum
- Minni vanlíðan en í fyrra
- Nánast allir eiga amk einn vin/vinkonu
- Meirihluta nemenda finnst gaman í skólanum
- Flestir upplifa góða liðsheild
- Færri eru einmana en í fyrra
- Meirihluti nemenda þorir að vera þeir sjálfir í skólanum
- Flestir fá þá hjálp sem þeir þurfa við námið í skólanum og heima
- Klíkumyndun mælist umtalsvert minni en áður
- Meirihluti nemenda finnst frekar eða mjög góður skólabragur.
- Nemendaráðið þykir hafa áhrif á skólabraginn
- Meirihluti nemenda getur treyst einhverjum fullorðnum í skólanum
- Leyst hefur verið úr meirihluta þeirra samskiptavanda sem hafa komið upp í vetur
- Umtalsvert minna einelti en í fyrra í öllum árgöngum
- Leyst hefur verið úr flestum þeim eineltismálum sem hafa komið upp
- Nemendur nýttu tækifærið og sögðu frá ýmsum áhyggjum sínum varðandi samskipti nemenda og líðan.
- Nemendur eru með margar hugmyndir um það hvernig megi koma í veg fyrir samskiptavanda
- Ef einhver fer í taugarnar á nemendum telja flestir sig ýmist láta viðkomandi í friði eða reyna að ræða rólega við hann. Mun færri grípa til samskiptaárása á borð við baktal, rifrildi, útilokun eða stríðni.
- Stór hluti nemenda hefur aðstoðað annan nemanda í samskiptavanda.
- Þó nokkrir nemendur hafa fengið hjálp frá öðrum nemendum í slíkum aðstæðum.
- Meirihluti nemenda telur að kennarar geri mikið til að styrkja félagatengsl í hópnum og ýta undir góðan bekkjaranda.